

**39** Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en  
31. maí fjárlögum, tilskipunum, konungsráskurðum eða öðrum gildandi ákvörð-  
unum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Þorláksson.*

**40**

31. maí

## L Ö G

um

**breyting á lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-  
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,  
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*G j ö r r u m k u n n u g t:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer stað-  
fest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrstu málsgrein 15. gr. laganna skal orða svo:

Merkjadómi má skjóta til hæstarjettar eftir almennum áfrýjun-  
arreglum. Hæstirjettur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða  
fella hann úr gildi, sbr. þó 9. gr. síðustu málsg., og skal málinu þá  
vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju.  
Hæstirjettur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

2. gr.

Ákvæði 28. gr. laga nr. 22, 6. okt. 1919, skulu einnig ná til þeirra  
merkjadóma, sem upp hafa verið kveðnir síðustu 3 ár áður lög þessi  
öðlast gildi.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

40

31. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.*

## L Ö G

um

41

31. maí

**varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Varðskipin skulu eiga heimili í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Allir starfsmenn skipa þessara eru sýslunarmenn ríkisins, hvort sem þeir eru skipaðir af ráðuneytinu, settir eða á annan veg ráðnir þar til starfa. Skulu þeir allir slysatrygðir af útgerð skipanna, eftir svipuðum reglum og skipshafnir á öðrum skipum ríkissjóðs og Eimskipafjelags Íslands.

## 2. gr.

Skipherrar á varðskipunum eru löggæslumenn ríkisins á landhelgissvæðinu. Stýrimenn eru aðstoðarmenn þeirra við löggæsluna.

## 3. gr.

Skipherrar, stýrimenn, vjelstjórar og loftsketamenn skulu skip-